



SKÓGRÆKT  
RÍKISINS

SKÓGARVÖRÐURINN Á VESTURLANDI  
SÍMI SKÓGARKOT, ÞVERÁRHÍÐ, MÝR.  
PÓSTHÓLF 57, 310 BORGARNES.

Á R S S K Ý R S L A

skógarvarðarins á Vesturlandi 1984.



## SKÓGRÆKT RÍKISINS

SKÓGARVÖRÐURINN Á VESTURLANDI  
SÍMI SKÓGARKOT, ÞVERÁRHlíÐ, MÝR.  
PÓSTHÓLF 57, 310 BORGARNES.

### 1. VEÐURFAR.

Veturinn var fremur snjóþungur. Mikið skóf í suðlægum áttum, og snjóalög því óvenjuleg. Vorið var sémilega hagstætt. Sumarið var hlýrra en um margra ára skeið, en með eindæmum rigningasamt.

### 2. VÖXTUR OG ÞRIF.

Skógur var talinn allaufgaður 7. júní og féll í septemberlok. Vöxtur birkis var góður, en vöxtur barrtrjáa fremur lítill svo sem eðlilegt var, því að sumarið 1983 var með eindæmum kalt. Útlit rauðgrenis var um vorið afar slæmt. Í lögðum og kvosum féll víða af því nærri allt barr, en brumin voru heil. Þetta jafnaði sig mikið þegar leið á sumar, og undir haust var litur barrtrjáa betri en hann hefur verið allar götur síðan 1979. Rauðgreni gulnaði svo nokkuð í lok októbermánaðar. Að venju gerði rjúpan mikinn usla í reitnum í Norðtunguskógi.

### 3. STÆRSEDLK.

Vinna hófst óvenju snemma, eða 14. maí, og var þá klaki farinn úr reitnum í Norðtunguskógi. 4 piltar og 4 stúlkur unnu hér að staðaldri til 31. ágúst auk ráðskonu og verkstjóra. Síðan unnu hér 5 manns til 28. september.

### 4. GIRÐINGAR.

Skemmdir voru nokkrar á girðingum, en farið var með flestum þeirra tímanlega. Girðingarvinna var svo aðalstarf sumarsins. Girtur var efri gafl Kolás-girðingar og kaflinn meðfram þjóðvegi, samtals 1470 m. Þá var haldið áfram með stóru girðinguna þar sem frá var horfið í fyrra haust. Girt var meðfram Gljúfurá í Sauðhússkóg 1500 m, og síðan úr Sauðhússkógi í Jafnaskarðsskógar-girðingu 4000 m. Þá var girt bráðabirgðagirðing úr Bifrastargirðingu í túnhlið við Hreðavatn og þaðan í vatnið. Nú er allt land vestan þjóðvegur friðað, nema enn vantar ristarhlið á veginn frá þjóðvegi að Hreðavatni. Innan þessa svæðis eru um 2000 hektarar lands. Þá var tekin upp gömul girðing á merkjum Hreðavatns og Brekku, sem verður endurgirt næsta sumar. Aflstaurar voru settir austan þjóðvegur frá Hrauná að hliði á veginum, sem liggur í veiði hús við Norðurá.

Girðingarvinna sóttist seint. Mikill hluti girðingarstæðisins var á mýrlendi og vegleysum og vegna stanslausra rigninga var mjög erfitt að koma við að nota vélar til efnisflutninga.



## SKÓGRÆKT RÍKISINS

SKÓGARVÖRÐURINN Á VESTURLANDI  
SÍMI SKÓGARKOT, ÞVERÁRHÍÐ, MÝR.  
PÓSTHÓLF 57, 310 BORGARNES.

### 5. GRISJUN OG JÓLATRÉ.

Lítið eitt var grisjað í Norðtunguskógi fyrir gróðursetningu. Eins og áður er getið batnaði útlit á greni verulega í sumar, en gulnaði nokkuð í október, þó ekki svo mikið, að hægt var að taka svolítið af jólatrjám. Jólatré, toppar og greinar voru seldar fyrir Kr. 31.975.- (heildsöluverð). z Atg.

### 6. GRÆÐIREITUR.

Ekkert var selt úr græðireit. Vöxtur sumarið 1983 var afar líttill, og rjúpan hirti það sem var, og voru allar víðiplöntur klipptar niður. Vöxturinn í sumar var hinsvegar með ágætum.

Til sölu að vori verða væntanlega:

1200 viðjur

5500 strandavíðir

1500 alaskavíðir

3000 birki frá Arnaldsstöðum, illa skemmt af rjúpu.

### GRÓÐURSETNING.

Settar voru í Norðtunguskógi 8225 stafafurur, C 023, frá Tumastöðum.

### 8. HIRÐING PLANTNA.

Borið var á rauðgreni í Jafnaskarðsskógi hálf tonn af kjarna. Varla sást litarbreyting á plöntunum og hefur áburðurinn sennilega þvegist úr jarðvegnum að mestu.

### 9. BYGGINGAR.

Engar á árinu.

### 10. VÉLAR.

Keyptar voru 2 kjarrsagir (Jonsereds), en þær hefur sárlega vantað til þessa.

### 11. FERÐALÖG.

Ég var mjög bundinn við útréttingar og snúninga vegna girðinga framkvæmda, og gat því sinnt leiðbeininga starfsemi minna en skyldi. Langferðir voru aðeins þessar:

15.-18. júní Ferð um Vestfirði.

17.-19. ágúst Ferð á aðalfund Skf. Íslands á Kirkjubæjarklaustri.

### 12. ÝMISLEGT.

Hvítsstaðaveið var leigð fyrir kr. 125.000. Af því fóru kr. 23.575 til veiðifélagsins til fiskvegagerðar o.fl. Veiðitekjur af Sauðhústungu voru kr. 29.400.